

2. Þeir sem eru 67 ára og eldri, einstaklingar metnir til 75% læknisfræðilegrar örorku, þeir sem fá endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, börn með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins, önnur börn yngri en 18 ára og sjúkratryggðir almennt með þjálfunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins:

- a. Fyrir greiningu 770 kr.
- b. Einstaklingsmeðferð 770 kr.
- c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis 550 kr. fyrir hvorn sjúkling.
- d. Hópmæðferð 367 kr. fyrir hvern sjúkling.

3. Öðrum, sbr. 2. tölul. en sjúkratryggðum almennt, með þjálfunarkort skal veitt þjónustan að kostnaðarlausu.

4. gr.

Heyrnarrannsóknir á vinnustöðum.

Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða kr. 2.200 fyrir hvern einstakling sem mældur er af Heyrnar- og talmeinstöð.

5. gr.

Gjaldistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 37. gr. a laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 161/1986 fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein.

1. gr.

Sjúkratryggðir.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúp börn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

2. gr.

Þátttaka ríkisins í kostnaði við hjálpartæki.

Heyrnar- og talmeinstöð styrkir kaup á nauðsynlegum hjálpartækjum fyrir sjúkratryggða einstaklinga sem eru með heyrnarmein sem hér segir:

1. Fyrir börn yngri en 18 ára eru heyrnartæki greidd að fullu.
2. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 30 dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz, greiðast kr. 28.000 fyrir hvert heyrnartæki, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.
3. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz, er greitt 80% af verði heyrnartækis.
4. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og þurfa sérstök heyrnartæki sem krefjast skurðaðgerðar er greitt samkvæmt eftirfarandi:
 - a. fyrir kuðungsígræðslutæki 90% af verði heyrnartækis;
 - b. fyrir beinskrúfutæki og önnur sambærileg heyrnartæki 80% af verði heyrnartækis.
5. Fyrir hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal I, til þeirra sem um getur í 1., 3. og 4. tölul. fer um greiðsluþátttöku samkvæmt þeim tölulíðum.
6. Fyrir hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal I, til þeirra sem hafa tónmeðalgildi á betra eyranu > 50 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz, fer um greiðsluþátttöku eins og um getur í 3. tölulíð.

Einstaklingur getur mest notið greiðsluþátttöku fyrir hvert heyrnartæki skv. 1. tölul. 1. mgr. á tveggja ára fresti og skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. á fjögurra ára fresti.

Einstaklingur skv. 1. tölul. 1. mgr. á til viðbótar við framangreint rétt á allt að tveimur pörum af hlustarstykkjum á ári.

Breytist ástand heyrnar umtalsvert að mati sérgreinalæknis í heyrnarfræði (háls-, nef- og eyrnalækningum), áður en tímabil skv. 2. mgr. er liðið, þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki skal greiðsluþátttaka vera í samræmi við 1. mgr.

Heimilt er að útvega nauðsynleg heyrnartæki fyrir þá einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði 2., 3. eða 4. tölul. 1. mgr. eða 2. mgr. án greiðsluþátttöku ríkisins. Tryggt skal að þessir einstaklingar njóti ekki forgangs við úthlutun heyrnartækja umfram þá einstaklinga sem njóta greiðsluþátttöku skv. 1., 2., 3. og 4. tölulíð. 1. mgr. og 2. mgr.

3. gr.

Þátttaka ríkisins í kostnaði við hjálpartæki afhent af öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

Sjúkratryggður einstaklingur sem nýtir sér þjónustu þeirra sem fengið hafa rekstrarleyfi ráðherra, skv. 1. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, til að útvega og selja hjálpartæki og annast nauðsynlega þjónustu vegna þeirra, eiga rétt á kostnaðarþátttöku ríkisins skv. 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 2. gr.

Í þjónustusamningi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við rekstrarleyfishafa skal kveðið á um hverjir geti notið greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum vegna heyrnar-meina.

4. gr.

Útvegum Heyrnar- og talmeinstöðvar á hjálpartækjum öðrum en heyrnartækjum.

Heyrnar- og talmeinstöð aðstoðar sjúkratryggða einstaklinga við að útvega nauðsynleg hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal II. Í þeim tilvikum er tækið eign Heyrnar- og talmeinstöðvar og skal sjúkratryggður greiða hæfilegt leigugjald sem tekur mið af kostnaði við öflun tækisins og áætlaðan endingartíma þess.

5. gr.

Söfnun og skil upplýsinga.

Heyrnar- og talmeinastöð, sbr. 37. gr. a, og rekstrarleyfishafar sbr. 37. gr. b, laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, ber að halda skrár yfir alla þá sem leita eftir þjónustu. Þar skal koma fram kennitala, kyn, sjúkdómsgreining læknis samkvæmt lögbundinni skráningu ICD 10, niðurstöður heyrnarmælinga, númer heyrnartækis ef viðkomandi hefur fengið slíkt tæki, eftirfylgni og fjöldi þeirra sem bíða eftir þjónustu. Þessum upplýsingum ber að skila ársfjórðungslega til landlæknis í samræmi við 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 10. mgr. sbr. 4. mgr. 37. gr. a og 4. mgr. 37. gr. b laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott reglur nr. 160/1986 um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal I.**Listi yfir hjálpartæki.**

Barnavakt	Tæki til að heyrnarskert foreldri verði vart við barnsgrát.
Dyra-/símasendir	Tæki sem sendir dyrabjölluhringingu og símhringingu í móttakara sem notandi hefur.
Vekjaraklukka	Klukka með titrara sem m.a. er geymd undir kodd.
Reykskynjari	Reykskynjari með innbyggðum sendi sem sendir boð í móttakara notanda.
Tónmöskvi með púða	Færanlegur púði með segulsviði sem notandi situr á. Heyrnartæki notanda er stillt sérstaklega til að heyra betur í sjónvarpi/útvarpi og útiloka um leið truflandi hljóð frá umhverfinu.
Tónmöskvi, 150 fm	Snúra lögð um herbergi sem gegnir sama hlutverki og tónmöskvi með púða, en er ekki færanleg.
FM tæki	Sérstök tæki, sem gegna sama hlutverki og tónmöskvar en til notkunar í skólastofum.
Titrari og CH - hleðslutæki	Titrari í vasa og hleðslutæki.
Hleðslutæki	Hleðslutæki fyrir önnur hjálpartæki.
Tengibox fyrir heimilislampa	Móttökutæki, tengt lampu/ljósi fyrir boð frá dyrabjöllu, síma o.fl. Unnt er að tengja tvo heimilislampa við eitt tengibox.
Blikkljós	Stakt blikkljós m.a. í baðherbergi, eldhús eða gang.
Tactum - armbandsúr með titrara og hleðslutæki	Armbandsúr með titrara og hleðslutæki, tengt búnaði eins og dyrabjöllu, síma o.fl.
Rafhlöður	Rafhlöður í heyrnartæki.

Fylgiskjal II.**Listi yfir hjálpartæki.**

Borðmagnari
FM tæki

Talmagnari
Heyrnarmagnari

Búnaður til notkunar á fundum.
Sérstök tæki, sem gegna sama hlutverki og tónmöskvar en til notkunar á fyrirlestrum í skólastofum.
Tæki til að magna upp veika rödd.
Tæki til að magna upp hljóð.

REGLUGERÐ**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölul. 2. mgr. 8. gr.:

Á eftir orðunum „Sjúkra- eða lyfjakostnaður“ komi orðin „og heyrnartæki“.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. mgr. 9. gr.:

Á eftir orðunum „sjúkra- eða lyfjakostnað“ komi orðin „eða kostnað vegna kaupa á heyrnartæki“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2003.***Jón Kristjánsson.**

Davíð Á. Gunnarsson.